

24. nóvember 2020

Ágætu íbúar og aðstandendur,

Eins og ávallt horfir Neyðarstjórn Hrafnistu til stöðunnar almennt í samfélaginu hvað fjölda covid smita varðar, sem og þeirra reglna sem í gildi eru á hverjum tíma. Reglugerð heilbrigðisráðherra sem nú ríkir í samfélaginu um takmarkanir gildir til 1. desember næstkomandi og vonandi verða þær rýmkaðar í framhaldinu. Það sama á við um heimsóknarreglur inn á heimili Hrafnistu en Neyðarstjórn Hrafnistu bindur miklar vonir við að í byrjun desember verði hægt að rýmka þær reglur sem nú eru í gildi, þannig að við getum betur notið aðventunnar sem senn gengur í garð. Neðangreindar reglur munu því gilda áfram **til og með 2. desember næstkomandi**.

Upplýsingar um heimsóknartíma veitir hvert heimili fyrir sig.

- Aðeins **ein gestur** hefur leyfi til að heimsækja hvern íbúa **tvisvar sinnum** 25. nóv- 2. des.
- Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- **Vinsamlega hafið grímuna á ykkur allan tímann á meðan heimsókn stendur.**
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa.
- Undanþága frá þessu er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.
- Börn undir 18 ára hafa ekki leyfi til að koma í heimsókn.
- Heimilt er að fara með íbúa út í göngutúr í nærumhverfi á meðan heimsókn stendur.
- Ekki er heimilt að fara í bíltúr eða heimsókn með heimsóknargesti sínum.

Vinsamlega EKKI koma inn á Hrafnistu ef:

- **Þú ert í sóttkví eða einangrun**
- **Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku**
- **Þú ert með flensulík einkenni** (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- **Þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.**

Kæra þakkir fyrir samstöðuna.

Með vinsemd og virðingu,

Neyðarstjórn Hrafnistu